

Nr. 117 / 13 Særif SH 25 / Fjóla SH 7**Ásigling á Breiðafirði****Særif**

Skipaskr.nr. 2657
 Smíðaður: Hafnarfjörður 2005, plast
 Stærð: 11,56 brl. 14,98 bt.
 Mesta lengd: 13,04 m Skráð lengd: 11,35 m
 Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,42 m
 Vél: Caterpillar 254 kW, 2005
 Fjöldi skipverja: 2



Særif©Fiskifrétir

Fjóla

Skipaskr.nr. 2070
 Smíðaður: Reykjavík 1990, stál
 Stærð: 14,9 bt.
 Mesta lengd: 12,60 m Skráð lengd: 10,96 m
 Breidd: 4,0 m Dýpt: 2,0 m
 Vél: Caterpillar 175 kW, 1997
 Fjöldi skipverja: 2



Fjóla©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrslur
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. júlí 2013 var Fjóla SH 7 við veiðar á makríl með handfærum og Særif SH 25 á siglingu á Breiðafirði. Veður: V 3-4 m/s. (Gufuskálar kl. 19:00 og 20:00)

Báðir bátarnir voru á siglingu NA eftir Skarðsvíkinni í átt fyrir Brimnes. Fjóla tók þröngan hring og minnkaði ferð kl. 19:27 í leit að makríl. Hún hélt svo áfram fyrri stefnu á um 6,7 hnúta ferð en þegar skipstjóri sér aðra makríltorfu beygir hann til stjórnborða og minnkar ferð, kl. 19:32, í átt að torfunni. Á þessum tíma var Særif á siglingu á svipaðri stefnu um 400 til 500 metra eftir Fjólu. Þegar beygju Fjólu til stjórnborða lauk var færnum rennt og þau hífð einu sinni og þá stöðvaði skipstjóri ferðina. Þegar skipstjóri Fjólu sá engin viðbrögð til stefnubreytingar hjá Særifi þá bakkaði hann til að reyna að forða árekstri.

Særif var á 9,5 hnúta siglingu til hafnar af miðunum vestan Snæfellsnes og var stýrt með sjálfstýringunni. Skipstjóri var einn í stýrishúsinu og þegar beygt var fyrir Öndverðarnes sá hann til siglingar Fjólu austar á Skarðsvíkinni. Eftir að stefna hafði verið tekin fyrir Brimnes fór hann að færa inn í afladagbókina sem vistuð var í siglingatölvunni.

Árekstur varð á milli bátanna kl. 19:34 með þeim hætti að Særif rakst, með stefni og bakborðsbóg fyrst á veiðarfærin, sem stóðu langt út frá Fjólu, og hafnaði svo á stjórnborðsbóg hennar. Báðir bátarnir köstuðust hvor frá öðrum en héngu svo saman á veiðarfærunum þar til þeir voru losaðir hvor frá öðrum. Fjóla rak eða hélt áfram að bakka á hægri ferð í suð-vestur stefnu en Særif rak eða sigldi hægt til suðurs á meðan skipverjar könnuðu skemmdir.

Þegar skemmdir höfðu verið kannaðar og atvikið tilkynnt til strandstöðvar héldu báðir bátarnir inn til Rifshafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri Fjólu sagðist hafa vitað af Særifi á siglingu á eftir honum en taldi sig ekki þurfa að forðast hann sérstaklega þar sem hann var með veiðarfærin úti. Hann hafi verið stopp til að forða því að færin lentu í skrúfu Særifs ef það færi aftur fyrir og því beðið eftir hvoru megin Særif ætlaði að fara. Hann sagði að þegar bátarnir skulu saman hafi hann séð strák skjótast upp í brúna til að slá af. Hann sagðist telja að Særif hafi ekkert slegið af fyrir áreksturinn;
- að skipstjóri Fjólu sagðist ekki hafa haft uppi dagmerki til að gefa til kynna að veiðarfæri væru úti. Hann sagði að þokulúður hafi verið í lagi en kvaðst ekki hafa haft ráðrúm til að notað hann;
- að skipstjóri Særifs sagðist hafa rétt náð að kúpla frá þegar bátarnir skulu saman. Hann sagðist hafa átt í erfiðleikum að sjá á skjá tölvunnar til að skrá í afladagbókina af því það var mikil birta frá hnígandi sól. Hann sagðist hafa vitað af Fjólu sem virtist „sikk-sakka út um allan sjó“. Hún var bakborðsmegin og svo var hún allt í einu komin hinu megin skömmu síðar og taldi skipstjóri Særifs í lagi með Fjólu þegar hún var á stjórn og fór þá að færa í afladagbókina;
- að kveikt var á AIS í báðum bátunum. Tækið í Særifi er Simrad A tæki með sjálfstæðum textaskjá og tengt við siglingatölvuna inn á Maxsea siglingaforrit. AIS tækið í Fjólu er A-tæki ekki með skjá en tengt inn á siglingaforrit tölvunnar. Í siglingatölvum beggja bátanna birtast nálæg skip á undirliggjandi siglingakorti með stefnu og hraða en þau sem ógn stendur af eða eru í beinni árekstrarhættu birtast þá blikkandi rauð. Hægt er að virkja hljóðaðvörðun en þá verða tölvurnar að vera tengdar hátalara eða bjöllum sem ekki voru til staðar í bátunum;
- að skemmdir voru sýnu meira á Særifi þar sem stefni og bógur ofan sjólinu brotnaði en enginn leki koma að bátunum. Á Fjólu skemmdust báðir færageálgarnir en sá fremri sýnu meira og einnig dældaðist stjórnborðsbógur lítilláttar en lúkarspilið tók að mestu við högginu.

Nefndarálit:

Orsök árekstursins má rekja til skorts á varðstöðu um borð í Særifi.